

44. Loks þykir vera gagnlegt fyrir lesendur reikningsskila að fá upplýsingar um reiknaða skattinneign og tekjuskattsskuldbindingu sem ekki hefur þótt ástæða til að færa í bækur og hvað veldur því.

Gildistaka.

45. Reglur þessar um skráningu tekjuskatts, sem settar eru samkvæmt heimild í 80. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994, taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2000 eða síðar. Reikningsskilaráð mælir þó með því að reglurnar verði teknar í notkun fyrr ef unnt reynist.

Reykjavík, 17. mars 1999.

Reikningsskilaráð,

Heimir Haraldsson.

Árni Ólafur Lárusson.

Sigurður Þórðarsson.

Guðmundur Guðbjarnason.

Stefán Svavarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Lund, rekstrarfélag til fjármögnunar, smíði og rekstrar
heimavista við Menntaskólann á Akureyri.**

1. gr.

Lundur er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er á Akureyri. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnfé er 500.000,00 – fimm hundruð þúsund – krónur sem Heimavistarsjóður Menntaskólans á Akureyri leggur fram. Stofnféð er höfuðstóll sem ekki má skerða en ávaxta skal með tryggum hætti.

3. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að fjármagna, reisa og reka heimavistir við Menntaskólann á Akureyri. Nemendur allra framhaldsskóla á Akureyri eiga aðgang að heimavistunum.

Til þess að ná tilgangi sínum leigir stofnunin núverandi hús Heimavistar Menntaskólans á Akureyri með þeim sköttum og skyldum sem fylgja samkvæmt sérstökum leigusamningi við menntamálaráðuneytið um leigu lóðar og afnot af húsum Menntaskólans á Akureyri svo og annarra eigna á lóðinni. Einnig getur stofnunin að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins reist nýtt húsnaði á lóð Menntaskólans á Akureyri, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður, og leigt annað húsnaði til þess að reka í heimavistir í samræmi við tilgang sinn.

Heimilt er sjálfseignarstofnuninni að reka aðra starfsemi til uppbyggingar og styrktar heimavistum skólans, þar með talin stofnun sérstaks styrktarsjóðs eða styrktarsjóða fyrir stofnunina sem hafi sjálfstæðan fjárhag og starfi eftir sérstakri skipulagsskrá.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er heimilt að eiga samstarf við aðra aðila og gerast aðili að samstarfssamningi eða samstarfssamningum um lengri eða skemmri tíma um rekstur heimavista og sumarhótelis í húsum stofnunarinnar.

4. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar auk vaxta af stofnframlagi eru:

- a) Tekjur frá ríkissjóði vegna umsjónar, rekstrar og þjónustu við íbúa heimavistanna, sbr 40. grein laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, samkvæmt sérstökum samningi.
- b) Leigutekjur.
- c) Aðrar leigutekjur, vaxtatekjur o.fl.
- d) Framlög frá einstaklingum og stofnunum.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar renna til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og fjárfestingar á vegum stofnunarinnar, sbr. 3. grein.

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skipa fimm fulltrúar: fjórir tilnefndir af skólanefnd Menntaskólans á Akureyri til þriggja ára og skulu þeir ekki eiga sæti í skólanefnd, og einn íbúi heimavistanna, tilnefndur af nemendafélagi Menntaskólans á Akureyri. Varafulltrúar í stjórn stofnunarinnar skulu tilnefndir á sama hátt. Stjórnin kys sér formann og ritara til eins árs í senn.

Stjórnin heldur fundi eftir þörfum, en þó eigi færri en tvo á ári. Formaður stjórnar boðar til funda með dagskrá með 7 daga fyrirvara. Stjórnarfundur er lögmætur ef þrír stjórnarmenn sækja löglega boðaðan fund. Samþykki þriggja stjórnarmanna þarf til afgreiðslu mála. Ef tveir stjórnarmenn óska skriflega eftir að fundur sé haldinn skal formaður boða til fundar með dagskrá með 7 daga fyrirvara innan tveggja vikna frá því ósk berst. Fundarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin tekur allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar og ber ábyrgð á rekstri, fjárhag, bókhaldi og eignum hennar. Stjórnin ákveður starfstílhögun og setur sér og stofnuninni starfsreglur og gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina til þriggja ára. Stjórnin semur árlega skýrslu um starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar sem send er menntamálaráðuneytinu. Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd. Stjórn stofnunarinnar tekur ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap á reikningsárinu. Formaður staðfestir skuldbindingar stofnunarinnar í umboði stjórnar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum ákvörðunum í stjórn stofnunarinnar.

6. gr.

Ársfund sjálfseignarstofnunarinnar skal halda í maímánuði ár hvert. Formaður stjórnar boðar til ársfundar með dagskrá, tveimur vikum fyrir fund. Á ársfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga stofnunarinnar til kynningar svo og fjárhagsáætlun og ársskýrslu. Ársfundur er opinn þeim sem aðild eiga að heimavistum stofnunarinnar, s.s. nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum svo og foreldrum heimavistarbúa.

7. gr.

Ekki má veðsetja eignir stofnunarinnar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Eigi má binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari - svo og ákvörðun um að hætta rekstri sjálfseignarstofnunarinnar - skulu hljóta samþykki meirihluta stjórnar og staðfestingu dómsmálaráðherra. Verði stofnunin lögð niður renna eignir hennar til ríkissjóðs vegna Menntaskólans á Akureyri.

9. gr.

Reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem ráðinn er af stjórn til a.m.k. þriggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun og menntamálaráðuneyti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár á undan ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð vegna kyrrðardaga á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður vegna kyrrðardaga á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Heimili sjóðsins er á Biskupsstofu í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja árlega kyrrðardaga sem haldnir eru á vegum íslensku þjóðkirkjunnar og undir hennar stjórn.

4. gr.

Arður sjóðsins, sbr. 6. gr., skal árlega renna til styrktar málefninu samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Dr. Michael Fell að fjárhæð ísl. kr. 500.000. Óheimilt er að skerða stofnfé sjóðsins að raungildi. Ávaxta skal sjóðinn tryggilega. Sjóðnum er heimilt